64 7. maí

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

65 7. maí

LÖG

um

samstjórn tryggingastofnana landsins.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Almennar tryggingarstofnanir, sem ríkið rekur, stendur í ábyrgð fyrir eða hefir yfirstjórn á, skulu mynda eina heild, er kallast Tryggingarstofnun ríkisins. Skal hún hafa sameiginlega framkvæmdarstjórn, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Samábyrgðin, sbr. lög nr. 22 1921, Brunabótafjelag Íslands, sbr. lög nr. 54 1915 og lög nr. 53 1919, og Slysatryggingin, sbr. lög nr. 44 1925, skulu vera sjálfstæðar deildir í Tryggingarstofnun ríkisins og hafa þar aðskilinn fjárhag.

Almennar opinberar tryggingastofnanir, sem hjer eftir verða stofnaðar, skulu sem sjálfstæðar deildir vera undir Tryggingastofnun ríkisins, nema öðruvísi verði fyrir mælt í stofnlögum þeirra.

65
7. mai

3. gr.

Fyrir Tryggingastofnun ríkisins skipar atvinnumálaráðherra forstjóra, sem jafnframt er framkvæmdarstjóri hverrar sjálfstæðrar deildar innan stofnunarinnar. Forstjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. eftir 3, 6 og 9 ár upp í 5000 kr. Launin skulu greidd af deildum stofnunarinnar með þeirri upphæð hver, sem atvinnumálaráðherra ákveður. Á launin skal greiða verðstuðulsuppbót samkvæmt reglum launalaganna.

Forstjórinn er skyldur að setja veð fyrir fjárvörslu sinni, svo sem ráðuneytið kveður á um.

4. gr.

Um skipun gæslustjóra við Samábyrgðina fer eins og segir í 12. gr. laga nr. 23 1921, svo skulu og 2 meðstjórnendur skipaðir við Slysatrygginguna til 3 ára í senn.

5. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. okt. 1928 um Slysatrygginguna og Brunabótafjelag Íslands, og frá sama tíma fellur niður hin sjerstaka framkvæmdarstjórastaða, sem um getur í 23. gr. laga nr. 54 1915, en lögin taka ekki til Samábyrgðarinnar fyr en núverandi framkvæmdarstjóri lætur af stöðu sinni.

6. gr.

2. málsliður 2. gr. laga nr. 44, 27. júní 1925, um slysatryggingar, er úr gildi feldur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfriköll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.